

Bæjarstjórn Garðabæjar
v.t. Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari
Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 2. júní 2022

**Efni: Ársreikningur Styrktarsjóðs Garðasóknar árið 2021.
Beiðni um árlegt framlag bæjarsjóðs Garðabæjar til sjóðsins fyrir árið 2022.**

Meðfylgjandi er áritað eintak af ársreikningi Styrktarsjóðs Garðasóknar fyrir rekstrarárið 2021 sem samþykktur var á aðalsafnaðarfundum Garðasóknar þriðjudaginn 31. maí 2020.

Heildarframlög bakhjarla sjóðsins námu 3.700.000 kr. á árinu. Sjóðsstjórn ráðstafaði 2.776.290 kr. til styrkumsækjenda. Fjármagnstekjur hækkuðu töluvert milli ára vegna góðrar ávöxtunar safns og námu um 2.260.696 kr. Rekstrarafgangur varð því um 3.150.000 kr.


Sem fyrr var stuðningur fyrir jól (jólstyrkir) fyrirferðarmikill við úthlutun og um 60% af öllum styrkveitingum fóru fram í desember. Unnt var að verða við öllum umsóknum sem bárust.

Aðalsafnaðarfundur samþykkti að framlag Garðasóknar til Styrktarsjóðsins yrði 1.600.000 kr. árið 2022 sem er sama fjárhæð og undanfarin þrjú ár.

Garðabær leggur sjóðnum venjulega til sömu fjárhæð og Garðasókn ár hvert.

Þess er óskað að framlag Garðabæjar fyrir árið 2022 verði greitt fyrir lok nóvembermánaðar inn á bankareikning sjóðsins hjá Arion Banka, reikn. nr. 0318-26-6501, kt. 650195-2139. Undirritaður veitir fúslega frekari upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Styrktarsjóðs Garðasóknar


Einar Farestveit, gjaldkeri